

Ed.

312. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á l. nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. felur í sér heimild fyrir veðdeildina til þess að gefa út nýjan flokk vaxtabréfa, að upphæð samtals 6 millj. kr., og er þar af heimild fyrir 2 millj. kr. í lögnum frá 1928, en með þessu frv. bætt við 4 millj. kr., til þess að flokkurinn geti fengið hæfilega stærð. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. ágúst 1931.

Ingvar Pálmason,
form.

Magnús Torfason,
fundaskr.

Jón Þorláksson,
frsm.